Nd. **8. Frumvarp til laga**

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Gísli Sveinsson.

Á eftir A. 11. í 2. gr. laganna koma nýir liðir:

a. *Álftaversvegur:* Frá Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi að Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri.

b. *Meðallands- og Landbrotsvegur:* Frá Meðallandsvegi við Langholt yfir Eldvatnsbrú og upp Landbrot austanvert að Suðurlandsvegi (Siðuvegi) við Skaftárbrú.

c. *Búlandsvegur:* Frá Suðurlandsvegi (Skaftártunguvegi) við Tungufljótsbrú að Búlandi.

Greinargerð.

Breytingar þær á vegalögum, sem í þessu frv. eru ráðgerðar, eru að miklu leyti aðkallandi vegna þeirra ráðstafana og framkvæmda, sem undanfarið hafa verið ákvarðaðar og nú er verið að gera í samgöngum þessara sveita. Um breytingarnar skal að öðru leyti eftirfarandi tekið fram:

Allir munu nú á einu máli um það, að Álftaver og Meðalland í Vestur-Skaftafellssýslu eiga að komast í beint akbrautarsamband við höfuðleiðina, Suðurlandsveginn, austur sýsluna. Það er nú ákveðið að því er Álftaver snertir, að fastar áætlunarferðir bifreiða (póstbílar) skulu framvegis hafa viðkomu þar í hverri ferð, eða eigi minna en vikulega að sumrinu, og er þangað stutt leið frá núverandi þjóðvegi við Skálmarbrú, er verður að gerast vel örugg. Er og nú verið að undirbúa brú á

eina vatnsfallið í byggð sveitarinnar, Hraunhæjarlæk, svo að með þessu á að vera allvel séð fyrir samgönguþörfum hennar. — Í Meðallandið er nú hafin vegagerð eftir leiðinni frá Ásabrú að Langholti, en hún var tekin í þjóðvegatölu 1936 undir nafninu Meðallandsvegur. Má og segja, að verið sé að byrja á hinni ákvörðuðu brú á Eldvatnið, sem er aðaltorfæran innan þeirrar sveitar, og því eðlilegt og sjálfsagt, að þjóðvegur haldi þar áfram, frá Langholti austur, og Landbrotið þá einnig tekið með, en þar er nú áætluð framtíðarleið með bæjum austan megin, svo að sem fyllstum notum komi, sem eigi hefur áður verið.

Loks er nokkuð sérstaklega ástatt um Búlandsveg í Skaftártungu. Honum er ætlað að liggja upp byggðina í sveitinni og tengja núverandi þjóðveg við „norðurleiðina" eða Fjallabaksveg, milli Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu. Eins og kunnugt er, telst nokkur hluti þess vegar (sem allur er í tölu „fjallvega"), þ. e. úr Landsveit og austur eftir, þegar fær bifreiðum, og enginn vafi er á því, að öll leiðin verður með tímanum gerð akfær, eða svo fljótt sem kleift þykir. En er komið er til byggða austan fjalla, verður að taka við greiðfær vegur, sem eðlilegast er, að hið opinbera standi að, þótt aðrir aðilar hafi annazt um aðgerðir á honum að þessu. Er þessu og þannig farið vestan megin, þjóðvegur að efsta bæ á Landi. Mikilsvert atriði kemur hér og til mála, sem lítt hefur verið gaumgæft að þessu, sem sé að þetta hlýtur að verða þrautalendingarvegur og afkomuleið héraðsins, Skaftafellssýslu, þegar ógnir þær og eyðingar yfir dynja, er Kötlugos og jökulhlaup í sambandi við það valda, því að þá falla í rúst allar samgöngubætur, brýr og vegir sunnan jökla, þar er flóðið nær til. Stöðvast þá öll umferð á þeim slóðum og öllum flutningum ófært, þangað til allt verður aftur upp byggt, sem getur tekið ærið langan tíma. Er þá engin greið leið inn í héraðið og út úr því, meðan svo stendur, nema annaðhvort sjórinn, sem nú má kallast yfirgefinn af Skaftfellingum fyrir erfiðleika og hættu sakir, eða áður nefndur Fjallabaksvegur, sem áður en langt um líður gæti orðið alfaraleið, — ekki aðeins skemmtiferðamönnum, eins og nú er oftast, heldur einnig til nauðsynjaferða, eins og reyndar til forna tíðkaðist.

Fyrir þessum endurbótum öllum er skiljanlega áhugi mikill í héraði, enda umbætur þar að sumu leyti nú í fullum gangi. Verður því að ætla, að málið fái ákjósanlegan byr hjá ráðsmönnum landsins í þessu efni.